

Íslenskur iðnaður

SI

2. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Febrúar 2008

Iðnþing 2008

Iðnþing Samtaka iðnaðarins er vettvangur umræðna um brýn hagsmunamál iðnaðarins og um leið atvinnulífsins alls.

Stöðugleiki í starfsumhverfi og samkeppnishæfni eru lykilatriði í velgengni iðnaðarins. Öll iðnfyrirtæki þarfnast sama grundvallar til að vaxa, dafna og skila eigendum sínum og samfélaginu arði. Undanfarin ár hafa Íslenskur iðnaður og atvinnulíf tekið stakkaskiptum. Vöxtur hefur verið mikill og alþjóðavæðing atvinnulífsins hröð. Þó að vel hafi gengið er

langt í frá að tekist hafi að tryggja stöðugleika. Ekki þarf að fjölyrða um sveiflur í gengi krónunnar, óbærilega háa vexti, verðbólgu og viðskiptahalla. Hér er sannarlegar ekki um auðvelt verkefni að ræða og engin skyndilausn tiltæk. Þess vegna er nauðsynlegt að marka stefnu til langs tíma og fækka áhættuþáttum. Iðnþing er helgað þessu verkefni.

Aðalfundur Samtaka iðnaðarins hefst kl. 10.00 að morgni Iðnþings og lýkur kl. 12.00. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og þannig taka þátt í starfi Samtakanna.

ÍSLAND OG EVRÓPA MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ

Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 6. mars, verður efnt til umræðu um Evrópumálin.

KL. 13.00



Helgi Magnússon
**Ávarp formanns
Samtaka iðnaðarins**



Össur Skarphéðinsson
Ávarp iðnaðarráðherra



Illugi Gunnarsson,
alþingismaður
**ESB, evra og breytt
heimsmynd**



Valgerður Sverrisdóttir,
alþingismaður
**Framtíðin liggur í
heimsvæðingunni**



Jón Karl Ólafsson,
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar
**Krónan og ferðaþjónustan – Nauðsyn
á kennslu í sveifluhagfræði**



Sigrún Davíðsdóttir, blaðamaður
**Ísland og Evrópa –
Mótum eigin framtíð.
Já af hverju ekki?**



Hörður Arnarson, forstjóri
Marel Food Systems hf.
**Lífskjör ráðast af
samkeppnishæfni fyrirtækja**

16.00 Fundarlok

Þinginu stýra Árni Snævarr, fréttamaður og Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri hjá Alcoa Fjarðaáli.

IÐNÞING 2008



SI

Samtök iðnaðarins

bls. 2

Að búa sig til ferðar

bls. 3

Iðnþing 2008
Í framboði til
stjórnar

SI

bls. 4

24 nýir
félagsmenn
Samtakanna

SI

bls. 9

Virkjum kraft
kvenna
í iðnaði



bls. 10-11

Útboðsþing
2008



Að búa sig til ferðar

Það þykir hygginna manna háttur að undirbúa ferðalög af kostgæfni, ekki síst ef halda skal í langferð. Vita þarf hvert förinni er heitið, hvaða leiðir eru færar og hvaða búnað þarf til fararinnar. Það kann hins vegar að skipta litlu ef maður vill standa í sporum Lísu í Undralandi sem spurði hvaða leið hún ætti að fara þegar hún kom að gatnamótum. „Það ræðst nú heilmikið af því hvert þú ætlar“ svaraði kötturinn en Lísu var nokk sama bara hún kæmist eitthvert. „Þá skiptir engu hvaða leið þú velur því þangað kemstu örugglega, bara ef þú gengur nógu lengi,“ svaraði kötturinn að bragði.

Tveir kostir

Þeirri skoðun vex sífellt fiskur um hrygg að hagsmunum okkar Íslendinga sé ekki best borgið með núverandi fyrirkomulagi gjaldmiðilsmála. Með öðrum orðum að krónan dugi okkur ekki lengur sem gjaldmiðill. Það virðist einnig orðin skoðun flestra að tómt mál sé að tala um að taka upp annan gjaldmiðil en evruna og þá aðeins með þeim hætti að ganga fyrst í ESB og síðan í Myntbandalagið. Að þessu leyti eru kostirnir skýrir og óþarft að eyða púðri á annað. Segja má að bæði stjórnvöld og atvinnulíf hafi staðfest þetta rækilega á nýliðnu Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs.

Veðrabrigði

Kannanir hafa lengi sýnt að meirihluti landsmanna telur að taka beri upp aðildarviðræður við ESB og að efnahag okkar sé betur borgið með aðild. Ennfremur eru flestir á þeirri skoðun að við verðum aðilar að ESB fyrr eða síðar. Þjóðin veit hvert hún ætlar og er að þessu leyti betur stödd en Lísa í Undralandi. Gallinn er hins vegar sá að stjórnvöld mörkuðu sér þá stefnu að á þessu kjörtímabili verði aðild að ESB ekki á dagskrá og þess vegna eigi ekki og megi ekki búa sig til ferðar. Hér þarf að verða breyting á og sem betur fer þykjast veðurglöggir skynja að veðrabrigði kunni að vera í nánd í þessu efni.

Langferð

Það er hrein rökleysa að halda því fram að þeir, sem vilja aðild að ESB og evru, séu að bjóða fram skyndilausn til að bregðast við bráðum vanda. Skyndilausn sem taki í raun mörg ár að ná fram og þess vegna sé hún ekki tæk. Með aðild að ESB og evru er bent á leið til að breyta til langs tíma þeirri umgjörð sem við setjum efnahags- og þjóðlífi okkar, leið sem tekur nokkur ár að feta þar til settu marki er náð.

Líklegt má telja að sjálft samningaferlið við ESB um aðild taki allt að ári eftir að samningaviðræður hefjast í alvöru.

Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI



Staðfestingarferli aðildarsamnings gæti tekið annan eins tíma. Eftir að inn er komið er ekki tæknilega mögulegt að taka upp evru fyrr en að tveimur árum liðnum og þá þarf að fullnægja öllum skilyrðum sem sett eru fyrir aðild að Myntbandalaginu og því er ekki að heilsa um þessar mundir. Fari allt á besta veg er líklegt að Íslendingar geti tekið upp evru í fyrsta lagi eftir fjögur ár frá þeim tímapunkti sem við tökum ákvörðun um að takmark okkar sé aðild að ESB og Myntbandalaginu. Sú ákvörðun er auðvitað að því tilskildu að samningur um aðild verði viðunandi og þjóðin fallist á hann í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Tygjum okkur til farar

Við þurfum, rétt eins og þeir sem ætla sér á Hvannadalshnúk í vor að byrja að huga að búnaði, byggja upp þrek og skoða bestu leiðir. Til dæmis er ljóst að aðild að ESB er útilokuð án breytinga á stjórnarskránni. Til þess má ekki kasta höndum og þess vegna á að hefjast handa við það án tafar. Evra verður ekki tekin upp án þess að við stöndumst svokölluðu Maastricht-skilyrði sem lúta að efnahagslegum stöðugleika. Stjórnvöld eiga að lýsa því yfir að þau ætli með tiltækum ráðum að standast þau að fullu innan fjögurra ára. Aðilar á markaði munu þá haga sér í samræmi við það.

Kjarkur

Ríkisstjórnin á að sýna þann kjark að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá og fela hinni nýju Evrópunefnd sinni það hlutverk að móta samningsmarkmið, fara í saumana á samningaferlinu, undirbúa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem við þurfum að halda á lofti vegna sérstöðu okkar og hefjast þegar handa við að finna lausnir sem við getum unað við. Því betur undirbúin sem við göngum til þessa verks þeim mun betur mun okkur farnast.

Samtök iðnaðarins halda Iðnþing sitt 6. mars undir yfirskriftinni: Ísland og Evrópa - Mótum eigin framtíð. Það er enn einn liðurinn í framlagi Samtaka iðnaðarins til þeirrar ferðar sem framundan er. Fátt er lengur að vanbúnaði. Nú er beðið eftir að fararstjórinn blási til brottfarar.

IÐNÞING 2008

Í framboði til stjórnar Samtaka iðnaðarins

Í kjöri til formanns SI

Helgi Magnússon
f. 14. janúar 1949
stjórnarformaður Eignar-
haldsfélags Hörpu ehf.



Anna María Jónsdóttir

f. 5. september 1967
stjórnarformaður
Lauga Spa, snyrti- og
nuddstofu ehf.



Anna María Pétursdóttir

f. 11. maí 1961
starfsmannastjóri
Vífílfells hf.



Bolli Árnason

f. 25. desember 1959
framkvæmdastjóri
GT Tækni ehf.



Ingvar Kristinsson

f. 13. júní 1962
framkvæmdastjóri
viðskiptaþróunar
Marels hf.



Sveinbjörn Hjálmarsson

f. 8. júní 1950
framkvæmdastjóri
Umslags ehf.



Þorsteinn Vígíundsson

f. 22. nóvember 1969
framkvæmdastjóri BM
Vallár ehf.



Kaka ársins 2008 kynnt á konudaginn

Kaka ársins 2008 verður kynnt í bakar-
íum innan Landssambands bakameist-
ara (LABAK) á konudaginn. Kakan er
samsett úr súkkulaðibotnum, hnetubotni,
hvíttri súkkulaðimús með kaffikeim og
hjúpuð hvítu súkkulaði. Hún var valin í
samkeppni meðal félagsmanna LABAK í
ársbyrjun. Keppnin fer þannig fram að
keppendur skila inn tilbúnum kökum
sem dómara meta og velja úr þá sem
þykir sameina þá kosti að vera bragð-
góð, falleg og líkleg til að falla sem flest-
um í geð.

Dómarar í keppninni voru Rakel Páls-
dóttir, forstöðumaður almannatengsla og
Dagmar Sigurðardóttir, bókari báðar hjá
Samtökum iðnaðarins og Albert Eiríks-
son, matgæðingur.

Höfundur sigurkókunnar þetta árið er
Jón Karl Stefánsson hjá Bæjarbakaríi í
Hafnarfirði.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Námsefnisstyrkur Samtaka iðnaðarins afhentur

Námsefnisstyrkur SI var veittur í fjórða sinn á Menntadegi iðnaðar-
ins. Að þessu sinni hlutu fjögur verkefni styrk, Rannsóknarþjónustan
SÝNI, Skjámynd ehf., IÐAN fræðslusetur og IÐNÚ.

Rannsóknarþjónustan SÝNI hlaut hálf milljón til að vinna kennslu-
efni um vörubekkingu, næringargildi og mannelismarkmið. Skjá-
mynd ehf. hlaut 800.000 kr. til að setja námsefni um fjarskiptatækni
á Netið. Námsefnið verður bæði aðgengilegt nemendum og starfs-
mönnum í greininni. IÐAN fræðslusetur hlaut 2 milljónir kr. til að
vinna ferilbækur í vinnustaðanami í blikksmiði, framreiðslu, kjötiðni
og húsasmíði. IÐNÚ bókaútgáfa hlaut 1.5 milljónir kr. til að vinna
kennslubók fyrir nám í tækniteiknun.

Halla Bogadóttir, fulltrúi matsnefndar, afhenti styrkina á Mennta-
degi iðnaðarins við lok ráðstefnu um námsefnisgerð í iðn- og starfs-
námi.



Nýir félagsmenn Samtaka iðnaðarins

Kögun ehf.
Lynghálsi 9
110 Reykjavík
UT-iðnaður

Eskill ehf.
Lynghálsi 9
110 Reykjavík
UT-iðnaður

Matís ohf.
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Matvælaíðnaður

Geimsteinn ehf.
Skólavegi 12
230 Keflavík
SHU

Mix ehf.
Hraunbergi 23
111 Reykjavík
SHU

SJS Music ehf.
Baldursgötu 26
101 Reykjavík
SHU

Valgeir Sigurðsson ehf.
Vogaseli 9
109 Reykjavík
SHU

Spons sf.
Grenimel 26
107 Reykjavík
SHU

Prek ehf.
Sundlaugavegi 30A
105 Reykjavík
SHS

Bang ehf.
Úthlíð 12
105 Reykjavík
SHU

NordicaSpa ehf.
Suðurlandsbraut 2
108 Reykjavík
SHS

Dansrækt-JSB ehf.
Lágmúla 9
108 Reykjavík
SHS

Heilsuakademían ehf.
Reykjavíkurvegi 74
220 Hafnarfirði
SHS

Lífstíll Vikars ehf.
Þórsvöllum 6
230 Reykjanesbæ
SHS

Árbæjarprek ehf.
Fylkisvegi 6
110 Reykjavík
SHS

Heilsudalurinn
Eignarhaldsfélag ehf.
Dalshrauni 11
220 Hafnarfirði
SHS

Kraftganga
Lækjargötu 4
101 Reykjavík
SHS

Líkamsræktin Bjarg ehf.
Aðalstræti 16
600 Akureyri
SHS

Toppsport ehf.
Gagnheiði 43
800 Selfossi
SHS

Orkubúið ehf.
Suðurvör 9
240 Grindavík
SHS

Brimnesvegur 28 ehf.
Brimnesvegi 28
425 Flateyri
SHU

Stúdíó Sýrland ehf.
Vatnagörðum 4
104 Reykjavík
SHU

Ylur ehf.
Miðási 18
700 Egilsstöðum
Plastiðnaður

Framvörður ehf.
Hreyfing
Álfheimum 74
104 Reykjavík
SHS

UT - iðnaður Upplýsingatækniíðnaður
SHU - Samtök hljóðvera og upptökustjóra
SHS - Samtök heilsuræktarstöðvar

Kennsla hafin í RES Orkuskóla

Kennsla er hafin í RES Orkuskóla en skólinn var settur í fyrsta sinn 9. febrúar. Nemendur eru alls 31, frá tíu löndum og munu ljúka meistaranámi í vistvænni orkunýtingu.

Samtök iðnaðarins styrkja skólann með þriggja milljóna króna framlagi til kaupa á tölvubúnaði sem Jón Steindór Valdimarsson afhenti við setningu skólans.

Skólinn er afrakstur fjögurra ára undirbúningsferlis og verður alþjóðleg einkarekin mennta- og vísindastofnun á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og mun byggja starfsemi sína á forystu Íslendinga á sviði orkumála. Orku-

vörður ehf. stendur að rekstri skólans og hefur með stuðningi fyrirtækja og stofnana á borð við Vaxtarsamning Eyjafjarðar, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands undirbúið stofnun skólans. Hluthafar eru Þekkingarvörður ehf., sem Samtök iðnaðarins eiga aðild að, RARIK, KEA, Eignarhaldsfélag Samvinnuþrygginga, Landsvirkjun, Norðurorka, Akureyrarkaupstaður og Landsbanki Íslands.

Mikil ásókn hefur verið í skólann en nemendur koma flestir frá erlendum háskólum þar sem þeir hafa lagt stund á verkfræði eða raunvísindi á meistara- og doktorsstigi.




Fréttablað Samtaka iðnaðarins
2. tbl. 14. árg. febrúar 2008
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 20.02.2008
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Stofnfundur Samtaka heilsuræktarstöðva



Stjórn SHS, á myndina vantar Sævar Pétursson

Stofnfundur Samtaka heilsuræktarstöðva var haldinn föstudaginn 18. janúar. SHS starfar sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins.

Með aukinni umræðu og áherslu sem lögð er á heilsurækt í þjóðfélaginu hefur fyrirtækjum í þessari grein fjölgað ört og þau eflst á undanförunum árum. Nú starfa 40 til 50 fyrirtæki í greininni.

Hugmyndir um stofnun Samtaka heilsuræktarstöðva hafa verið uppi um nokkurt skeið og mikill vilji er til að efla samstarf fyrirtækja í greininni.

Með aukinni aðkomu yfirvalda að forvarnarstarfi (s.s. Frístundakortið og hreyfiseðlar, skv. Þingsályktunartillögu) má ætla að kominn sé tími til að heilsuræktarstöðvar eigi sér talsmann sem leitast við að gæta hagsmuna þeirra. Þótt fyrirtækin séu keppinautar eiga þau sameiginlega hagsmuna að gæta á ýmsum sviðum.

Ríki og sveitarfélög leggja í vaxandi mæli áherslu á að hvetja unglinga og börn til að neyta hollrar fæðu og hreyfa sig og hafa í því skyni m.a. veitt styrki og fríkort sem þessi hópur getur notað til að greiða fyrir þjónustu á þessum sviðum. Góð heilsa er gulli betri og markviss hreyfing og heilsurækt gegna þar veigamiklu hlutverki. Eitt þeirra verkefna, sem hin nýju samtök standa frammi fyrir, er að ræða ímynd Íslands sem „Heilsueyjan Ísland.“

Stofnfundurinn var haldinn í húsakynnum SI og var vel sóttur

Formaður SHS var kosinn Ágústa Johnson hjá Hreyfingu. Meðstjórnandi til tveggja ára er Sævar Pétursson, Iceland Spa and Fitness og meðstjórnandi til eins árs er Björn Leifsson, Þrek ehf/World Class. Vara-

menn voru kosnir Linda B. Hilmarsdóttir hjá Hress og Ragnheiður Birgisdóttir, Nordica Spa.

Aðalfundur LABAK

Aðalfundur Landssambands bakarameistara var haldinn á Grand Hótel Reykjavík laugardaginn 9. febrúar síðastliðinn. Þar fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem rædd var starfsemi næsta starfsárs. Tveir stjórnarmenn létu af störfum eftir fjögurra ára stjórnarsetu, þeir Sigurður Erlendsson í Geirabakaríi í Borgarnesi og Sigurður Enoksson í Héra-stubbi í Grindavík. Í þeirra stað voru Gunnar Gunnarsson í Brauðbergi og Hafliði Ragnarsson í Mosfellsbakaríi kosnir í stjórn til næstu tveggja ára.

Í tengslum við aðalfundinn efndi félagið til kaupstefnu þar sem birgjum þeirra var boðið að koma og kynna félagsmönnum LABAK og starfsmönnum þeirra vörur sínar og þjónustu.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Vaxtarsproti ársins

Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins/SSP, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands um val á vaxtarsprotu ársins. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Vaxtarsprotinn verður veittur öðru sinni í apríl.

Skipulag og dómnefnd

Aðstandendur verkefnisins skipa þriggja manna dómnefnd sem sér um að skipuleggja, velja og kynna þau fyrirtæki sem hljóta viðurkenningar og nafnbótina „Vaxtarsproti ársins.“ Hver sem er getur tilnefnt fyrirtæki sem telst eiga erindi í þetta val.

Viðurkenningar

Það fyrirtæki, sem tilnefnt er og sýnir mestan hlutfallslegan vöxt samkvæmt tilskildum viðmiðum, hlýtur nafnbótina „Vaxtarsproti ársins.“ Fyrirtækið fær til varðveislu farandgrip og sérstakan verðlaunaskjöld til eignar. Einnig verða veittar sérstakar viðurkenningar tveimur sprotafyrirtækjum sem hafa sýnt mestan hlutfallslegan vöxt, annars vegar í flokki fyrirtækja sem velta 10-100 milljónum kr. og hins vegar í flokki fyrirtækja sem velta 100-1000 milljónum króna.



Viðurkenningar veittar í annað sinn í apríl 2008

Viðurkenningar Vaxtarsprotans voru veittar í fyrsta sinn í mars 2007 í tengslum við sýninguna Tækni og vit. Það var fyrirtækið Marorka sem hlaut „Vaxtarsprotann 2007“ en fyrirtækin Gagarín, Stiki og Stjórnú-Oddi hlutu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt síðustu ár. Sjá nánar á www.si.is

Samstillt átak þarf í námsefnisgerð fyrir iðn- og starfsnám

Samtök iðnaðarins halda árlega Menntadag iðnaðarins og efna þá til ráðstefnu um mál sem varða menntun og uppbyggingu manna í iðnaði. Í ár var spurt um framboð námsefnis í iðn- og starfsgreinum og hvernig unnt sé að auka fjölbreytni og framboð á námsefni tengdu iðnaði. Ráðstefnan var vel sótt en rúmlega 100 manns hlýddu á erindi framsögumanna.

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, flutti ávarp Helga Magnússonar, formanns SI, fyrir hans hönd. Helgi sagði að SI hefðu árið 2005 ákveðið að verja árlega 10 m.kr. næstu ár til námsefnisgerðar í iðnaði. Sautján titlar hafa nú þegar verið eða verða gefnir út með tilstyrk Samtakanna. Þá fjallaði Helgi um ný lög um framhaldsskóla og sagði SI binda vonir við að þau auki fjölbreytni starfsmenntunar og greiði fyrir nýju fyrirkomulagi vinnustaðakennslu. Hann gerði einnig fyrirhugaða sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltæknskólans að umtalsefni og áréttaði hversu mikilvægt væri að ljúka henni með farsælum hætti.

Mikilvægt að auka áhuga ungs fólks á iðn- og starfsgreinum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, taldi mikilvægt og þarft framtak að efna til umræðu um námsefnisgerð. Hún sagði mikla þörf á að skoða skólakerfið heildstætt, þróa þyrfti nám í tengslum við háskólana og laga það að þörfum atvinnulífsins. Mikilvægt væri að auka áhuga ungs fólks á iðn- og starfsgreinum og gera þær að freistandi námskosti. Þá sagði ráðherra að pólitískur vilji væri hjá ráðuneytinu til að ganga frá sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltæknskólans og fela atvinnulífinu að sjá um rekstur nýs skóla. Er það mikilvæg áhersla. Samningaviðræður eru nú á lokastigi og standa vonir til að nýr skóli taki til starfa í haust.

Hver ber ábyrgð á námsefnisgerð?

Næstur tók til máls Hrafnkell Marinósson, formaður Félags fagkennara í trú- og byggingagreinum og fjallaði um framboð á námsgögnum í iðngreinum. Mikill skortur er á námsefni, sérstaklega í



fámennum greinum. Til að bregðast við þessum vanda telur Hrafnkell að auka þurfi samvinnu milli skóla, kennara og stjórnvalda. Hann segir það standa námsefnisgerð fyrir þrífum að kennarar þurfa að semja námsefni í eigin tíma og launa-laust. Hrafnkell telur einnig að eftirliti með námsefni sé ábótavant. Enginn formlegur aðili fylgist með því hvort námsefni sé frambærilegt og í samræmi við námskrár og áfangalýsingar. Að mati Hrafnkells þurfa ríki og ráðuneyti að koma meira að námsefnisgerð.

Stuðningur SI við námsefnisgerð

Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður menntamála hjá Samtökum iðnaðarins, greindi frá því að á undanförunum árum hefði margt áunnist á sviði iðn- og starfsmenntunar. Nýjar námskrár hefðu litið dagsins ljós, ímynd iðnnáms eflst og nemendum hefði fjölgað. Eitt skorti þó: Námsefni við hæfi. Ingi Bogi sagði að

fjármagn, sem hið opinbera legði af mörkum til útgáfu námsefnis í iðn- og starfsgreinum væri af skornum skammti. Samtökin verja árlega 10 m.kr. til námsefnisgerðar og styrkja myndarlega einstök verðug verkefni. Þau setja skýr skilyrði fyrir styrkveitingunni. Námsefnið skal fullnægja tiltekinni þörf og útgefendur þurfa að leggja fram mótframlag. Styrkurinn er auglýstur tvisvar á ári vor og haust. Samtök iðnaðarins binda vonir við að það fjármagn, sem þau leggja í námsgagnagerð, hvetji aðra, t.d. stjórnvöld, til að leggja málefnið við.

Hlutverk menntamálaráðuneytis

Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, fjallaði um hlutverk ráðuneytisins í námsefnisgerð. Þátttaka ríkisins í útgáfu námsefnis á framhaldsskólastigi á sér stað í gegnum Námsgagnaþróunarsjóð sem úthlutar árlega 20-30 milljónum til námsefnisgerðar. Nú liggja fyrir ný lög sem eiga að tryggja aukna fjölbreytni og framboð námsgagna, auka sjálfstæði og val skóla og kennara um námsgögn og stuðla að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð. Þó að þau snúi að miklu leyti að grunnskólum hafa þau einnig þýðingu fyrir framhaldsskólana. Arnór sagði að ráðuneytið væri að breyta fyrirkomulaginu til hins betra t.d. með því að efla Námsgagnaþróunarsjóð. Þá sagði hann það hlutverk ráðuneytisins að skilgreina þarfir og stuðla að samstarfi um námsgagnagerð í samvinnu við starfsgreinaráð og atvinnulífið.

Of lítill markaður

Síðasta erindi ráðstefnunnar flutti Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri IÐNÚ.



Hann sagði úrval námsefnis í iðn- og starfsgreinum lítið vegna smæðar markaðarins. Hver kennslubók yrði því óhjákvæmilega dýr og þrátt fyrir viðleitni hins opinbera til að auka fé í Námsgagnaþróunarsjóð vantaði mikið á að útgáfan stæði undir kostnaði. Erling segir löngu tímabært skoða þessi mál í heild og sé vilji sé til að auka gæði iðn- og starfsmenntunar á Íslandi þurfi allir haghafar að leggja sitt af mörkum. Erling lauk máli sínu með orðum sem lýsa vel þeirri skoðun sem virtist einkenna mál manna á ráðstefnunni. „Þeir aðilar, sem hafa hag af vel menntuðum iðnaðarmönnum, þurfa að taka höndum saman og skilgreina, stuðla að útgáfu og hafa eftirlit með því námsefni sem kemur út fyrir iðn- og starfsnám á Íslandi. Það er þeirra hagræði að móta stefnu í námsefnisútgáfu, og hér með lýsi ég eftir henni.“

Rauði þráðurinn í fyrirlestrum og umræðum í sal var sá að fyrirkomulag náms-efnisgerðar í iðn- og starfsgreinum er í ólestri og enginn sem axlar fulla ábyrgð á henni. Allir sem tóku til máls virðast hafa fullan hug og vilja til að auka framboð og gæði námsefnis og vonandi verður fundurinn til þess að gert verði samstillt átak til að koma námsefnisgerð í iðn- og starfsnámi á réttan kjöl.

Alþingismenn í heim- sókn hjá CCP í boði SI

Samtök iðnaðarins buðu alþingismönnum nýlega til fundar í húskynnum CCP hf. við Reykjavíkurhöfn. Um 20 þingmenn sóttu fundinn og ræddu málefni iðnaðar við stjórn og forráðamenn samtakanna og hlýddu á stórskemmtilegan fyrirlestur um CCP og tölvuleikinn EVE online.

Fundurinn var haldinn í þeim tilgangi að efla tengsl þingmanna og atvinnulífsins og auka gagnkvæman skilning hvorum tveggja til hagsbóta. Í ljósi þess voru nýir alþingismenn sérstaklega boðnir velkomnir.

Helgi Magnússon, formaður SI, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Þá tók til máls Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, og kynnti uppbyggingu, starfsemi og áherslumál samtakanna. Þegar kynningu lauk var orðið gefið laust og stýrði Helgi umræðum með þátttöku þriggja stjórnarmanna SI, þeirra Önnu Maríu Jónsdóttur, Lofts Árnasonar og Sigurðar Braga Guðmundssonar. Þingmennirnir spurðu margs og



umræðurnar voru bæði fróðlegar og gagnlegar.

Að umræðum loknum hélt Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, stórskemmtilegt erindi um fyrirtækið og framleiðslu þess, tölvuleikinn EVE online, sem hlotið hefur alþjóðlega útbreiðslu. CCP hf. þykir gott dæmi um útflutning á hugviti og þekkingu ungs fólks enda fundarstaðurinn valinn til að leggja áherslu á mikilvægi nýsköpunar og endurnýjunarkrafts í atvinnulífinu.

Þegar formlegri dagskrá lauk bauð Hilmar fundargestum í kynnisferð um fyrirtækið.

Aðalfundur MIH

Aðalfundur MIH var fjölsóttur en 56 félagsmenn komu á fundinn að þessu sinni eða þriðjungur. Formaður gerði sögu félagsins skil, en það varð 40 ára 13. janúar. Gaman að geta þess að á aðalfundinn mætti einn af stofnfélögum Gunnlaugur Þorfinnsson, húsgagnasmíðameistari. Formaður fjallaði um horfur í atvinnumálum og hvatti félagsmenn til að gæta varúðar. Allt umhverfi fjármögnunar næstu misseri gæfi ástæðu til að félagsmenn væru á varðbergi.

Ellefu nýir félagar voru samþykktir, allir iðnmeistarar sem sjá hagsmunum best borgið innan raða MIH.

Samkvæmt lögum voru tveir aðalmenn í kjöri, þ.e. varaformaður og gjaldkeri, ásamt þremur varamönnum. Guðmundur Leifsson, sem verið hefur í stjórn MIH síðastliðin 11 ár og þar af varaformaður í 6 ár, gaf ekki kost á sér

til áframhaldandi stjórnasetu og voru honum þökkúð vel unnin störf. Nýr varaformaður var kosinn Ágúst Pétursson, húsgagnasmíðameistari. Jón V. Hinriks-son, dúkklagningameistari var endurkjörinn gjaldkeri. Varamenn voru endurkjörnir Samúel V. Jónsson, pípulagningameistari og Sveinberg Gíslason, málameistari. Nýr varamaður var kosinn Haukur B. Gunnarsson, húsgagnasmíðameistari. Aðrir stjórnarmenn MIH eru Björn Bjarnason, húsgagnasmíðameistari, formaður, Jónas Sigurðsson, húsgagnasmíðameistari, ritari og Jón Þórðarson, blikksmíðameistari, vararitari. Þessir þrír verða í kjöri á næsta aðalfundi. Eins og ávallt á aðalfundum félagsins



Frá vinstri: formaður MIH Björn Bjarnason, Gunnlaugur Þorfinnsson stofnfélagi og Ágúst Pétursson nýkjörinn varaformaður

eru fengnir gestafyrirlesarar. Að þessu sinni sagði Jón Diðrik Jónsson „fjárfestir“ sína skoðun á markaði sem snýr að mannvirkjum næstu misseri. Jón Diðrik sagði í stuttu máli að um síðustu áramót hefðu fjárfestar sagt takk fyrir árið 2007 og gleðilegt ár 2009, megi árið 2008 líða hratt.

Fríðrik Ágúst Ólafsson

Íslandsmót iðngreina haldið í tengslum við Verk og vit

Iðnmennt stendur fyrir Íslandsmóti iðngreina dagana 18. og 19. apríl nk. í anddyri gömlu Laugardalshallarinnar. Markmið Íslandsmóts iðngreina er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar, ekki síst ungu fólki og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og starfi í iðngreinum.

Mótið verður haldið í tengslum við sýninguna Verk og vit sem haldin er annað hvert ár en héðan í frá verða þessir tveir viðburðir haldnir samhliða. Sýningin tókst með eindæmum vel síðast þegar hún var haldin, vorið 2006, og nú stefnir í að umfang hennar verði jafnvel enn meira en þá. Það verður kátt í Laugardalshöllinni þessa daga og mikið um að vera: Í gömlu höllinni keppir unga fólkið en í nýju sýningarhöllinni sýnir fjöldi fagaðila með mikla reynslu allt það nýjasta hver á sínu sviði. „Við erum sammála um að viðburðirnir tveir muni styðja vel hvor við annan,“ segir Margit Elva Einarsdóttir.

Fyrirkomulag mótsins í ár er breytt frá



Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri Iðnmenntar, og Margit Elva Einarsdóttir, forstöðumaður viðburða hjá AP almannatengslum og framkvæmdastjóri Verks og vits, að lokinni undirritun samstarfssamningsins.

því sem verið hefur að því leyti að nú ber það yfirskriftina Íslandsmót iðngreina í stað Íslandsmóts iðnnema. Mótið í ár er einnig undanfari og forkeppni einstakra keppnisgreina fyrir þátttöku í Euro Skills og Word Skills sem er alþjóðleg keppni iðngreina. Íslandsmótið er ætlað iðnnemum og nýútskrifuðum iðnaðarmönnum, 22 ára og yngri. Keppt verður í eftirtöldum greinum: Dúklagningu, hársnyrtingu, málaraíðn, stálsmíði, múrverki, pípulögn, rafvirkjun, bílgreinum, snyrtifræði, tré-

smíði, prentiðn, grafískri miðlun og ljósmyndun. Auk þess verða kynntar ýmsar greinar, m.a. matvælaíðn og garðyrkja.

„Það hefur sýnt sig að mót sem þetta er einhver besta kynning á iðnmenntun sem völ er á. Það er því von okkar að samstarfið við AP almannatengsl og tengslin við Verk og vit fjölgi enn frekar þeim sem leggja stund á iðnnám í framtíðinni,“ segir Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri Iðnmenntar.

Verðlaunahátíð nýsveina 2008

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hélt nýverið verðlaunahátíð nýsveina. Níu iðnnemum var veitt viðurkenning fyrir góðan árangur á sveinsprófi. Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti nýsveinum verðlaunapening og viðurkenningarskjal.

Á annað hundrað manns sóttu verðlaunahátíð nýsveina í Ráðhúsi Reykjavíkur 2. febrúar síðastliðinn. Forseti Íslands, menntamálaráðherra og rektor Háskólans í Reykjavík heiðruðu nýsveina með nærveru sinni.

Eftirtaldir nýsveinar hlutu viðurkenningu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík:

Ágúst Ingi Davíðsson	rafvirki
Ásgeir Páll Gústafsson	rennismiður
Guðlaugur Sigurgeirsson	húsasmiður
Hanna Elína Arima	söðlasmiður
Hermann Geir Rúnarsson	prentari
Katrín Jónsdóttir	prentsmiður
Kristín Þórsdóttir	hársnyrtiðn
Sigurður Guðbrandsson	rafeindavirki
Þorsteinn Árnason	skrúðgarðyrkjum.



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson færði nýsveinum verðlaunapening og heiðurskjal. Forsetinn lagði til að allir verðlaunahafar yrðu kallaðir saman, t.d. tíunda hvert ár, til að vera bakhjarlar nýsveinahátíðar.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ávarpaði nýsveina og sagði margt horfa til framfara í menntun iðnaðarmanna. Framundan væri sameining Iðnskólans í Reykjavík

og Fjöltækniskólans og iðnnám ætti eftir að eflast í sameinuðum skóla. Þá sagðist ráðherra hafa ákveðið að veita iðnnemakeppni, heima og erlendis, brautargengi með sérstöku fjáframlagi.

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, veitti þremur nýsveinum gjaldfrjálsa skólavist í HR næsta skólaár.

Virkjum kraft kvenna í iðnaði



Fjöldmenni sótti morgunverðarfund sem nýlega var haldinn á Hótel Borg en þar var fjallað um stöðu kvenna í iðnaði.

Fundurinn er liður í starfi SI við að skoða hlut kvenna í starfi og stjórn aðildarfyrtækja sinna. Þegar kannað er hlutfall karla og kvenna í röðum framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og starfsmannastjóra í fyrirtækjum innan SI kemur í ljós að í stöðum stjórnenda eru karlmenn í miklum meirihluta, sérstaklega í stærstu fyrirtækjunum. Því er nauðsynlegt að skapa vettvang til að ræða stöðu kvenna í iðnaði og hvetja þær til að taka virkan þátt í starfi SI og fyrirtækjanna sem þær starfa hjá.

Á fundinum töluðu fjórar konur

Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs og stjórnarmaður í SI, kynnti niðurstöður könnunar á kynjaskiptingu stjórnenda hjá aðildarfyrtækjum SI auk þess sem hún gerði grein fyrir starfsemi Samtakanna og lagði áherslu á nauðsyn þess að konur væru virkir þátttakendur og mynduðu sterkt tengslanet. Yrsa Sigurðardóttir, tæknistjóri VIJV og rithöfundur, sagði frá reynslu sinni af störfum á virkjanasvæði Kárahnjúka, uppi á miðju hálandinu, á einangruðum og fjölþjóðlegum vinnustað þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta starfsfólks. Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur, gerði grein fyrir eigindlegri rannsókn sem hún gerði um stöðu kvenna í upplýsingafyrirtækjum þar sem hún skoðaði hvers vegna karlar og konur með sömu eða sambærilega menntun gegna mismunandi störfum. Auður Hallgrímsdóttir, fjármálastjóri Járnsmiðju Óðins, fjallaði um helstu breytingar á fyrirtækinu, sem

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman upplýsingar um hlutdeild kvenna í menntakerfinu undanfarin ár. Hægt er að panta skýrsluna í s. 5910100 eða í mottaka@si.is.



er dæmigerður karlavinnustaður, eftir að hún hóf þar störf. Auður lýsti því hvernig viðskiptamannahópurinn hefði breyst með árunum, og hvað hlutur kvenna sem kaupenda hefði stækkað. Hún sagðist m.a. hafa lagt mikla áherslu á að

vinnustaðurinn væri hreinn og snyrtilegur og sagði að öll umgengni hefði breyst mjög til batnaðar í kjölfarið.

Þá sló Helga Braga Jónsdóttir, leikkona, á léttu strengi og vakti mikla lukku.

Að erindum loknum tóku við pallborðsumræður með þátttöku Birnu Pálu Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Alcan, Karenar Kristjönu Ernstsóttur, verkfræðings hjá Ístaki og Aðalheiðar Héðinsdóttur. Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri hjá Alcoa Fjarðaáli stýrði fundi og umræðum af mikilli röggsemi.

Skipulagður markaður fyrir raforku

Tækifæri eða takmörkun

Á Norðurlöndum hefur um árabíl verið starfræktur skipulagður raforkumarkaður sem m.a. býður raforku til sölu á skyndimarkaði. Nokkur áhugi er á að skoða hvort til greina kemur að taka upp slík viðskipti hér á landi og standa vonir til þess að hann örvi samkeppni á raforkumarkaði. Ýmsir telja að full þörf sé fyrir markað hér á landi þar sem aðilar geta átt viðskipti með rafmagn og gert kaup- og sölutilboð á einfaldan hátt. Landsnet hefur haft forgöngu um undirbúning slíks markaðar héraðs og hélt á dögum ráðstefnu þar sem varpað var fram spurningunni hvort í skipulögðum markaði fyrir raforku felist tækifæri eða takmarkanir.

Á ráðstefnunni fjölluðu erlendir og innlendir fyrirlesarar um reynslu sína af viðskiptum á markaðnum, kosti og ávinning slíks markaðar og hvernig hann hentar íslenskum aðstæðum. Meðal annarra talaði Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður hjá SI, en hún telur að það sé þess virði að leggja lykkju á leið sína til að skoða möguleika slíks markaðar. Hugsanlega gæti hann orðið skref í þá átt að auka samkeppni á raforkumarkaði. Hún benti þó á að til að byrja með ynnu fáir á slíkum markaði og einn framleiðandi væri sýnu stærstur og markaðsráðandi. Hún varpaði fram þeirri spurningu hvort aukin samkeppni í framleiðslu á raforku væri forsenda þess að slíkur markaður gæti gengið. Fulltrúar orkufyrirtækja töldu að allar líkur væru á að þátttaka yrði góð og slíkur markaður yrði virkur. Fulltrúar Landsnets upplýstu að næsta skref í verkefninu væri að skilgreina tæknileg og sértæk atriði um útfærslu og fyrirkomulag markaðarins.

Hið opinbera eykur framkvæmdir um 25 milljarða

OR og Vegagerðin hástökkvarar ársins



Fjölmenni var á árlegu Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins, Félags vinnuvélaeigenda og Mannvirkis – félags verktaka. Á þinginu var gefið yfirlit yfir helstu útboð stærstu opinberu verkkaupa landsins.

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, setti fundinn. Hann fjallaði m.a. um fjölgun starfa í mannvirkjagerð en í greininni starfa nú um 16.000 manns og u.þ.b. 10% verðmætasköpunar í landinu má nú rekja til mannvirkjagerðar.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á útboð fyrr á árinu

Hrólfur Jónsson, sviðstjóri Framkvæmda-sviðs Reykjavíkurborgar, skýrði frá fyrirhuguðum framkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar. Á árinu er stofnkostnaður fasteigna áætlaður 4,7 milljarðar króna, mest á menntasviði. Stofnkostnaður gatna er áætlaður um 7 milljarðar. Til úrbóta í 30 km hverfum verður varið 120 milljónum, til viðhalds gatnakerfis um þremur milljörðum en viðhaldsprósentan nemur um 1,5% af stofnkostnaði og til viðhalds fasteigna verður varið 1,3 milljörðum. Alls verður um 16 milljörðum króna varið til verklegra framkvæmda á vegum Reykjavíkurborgar á þessu ári.

Fjöldi nýrra hjúkrunnarrýma boðinn út Á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins eru

framkvæmdir á þessu ári áætlaðar 11 milljarðar króna að sögn Óskars Valdimarssonar, forstjóra FRS. Stærstu framkvæmdirnar eru við byggingu hjúkrunarheimila á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis eða um 26%. Fyrirhugað er bjóða út byggingu stórra snjóflóðavarnagarða í Bíldudal, Ólafsfirði, Neskaupstað og í Bolungarvík. Lokið verður við utanhúsviðgerð á Alþingishúsinu og byrjað að flytja og endurbyggja hús við Kirkjustræti fyrir um 300 milljónir.

Bakkafjöruhöfn stærsta hafnarverkefnið í heila öld

Stærsta verkefni Siglingastofnunar síðan hafnargarðarnir voru hlaðnir í Reykjavík árið 1917 er framkvæmd við þriggja km langa sjóvarnargarða vegna Bakkafjöruhafnar. Til annarra framkvæmda eru áætlaðir 1,4 milljarðar að sögn Sigurðar Áss Grétarssonar, forstöðumanns hafnasviðs Siglingastofnunar. Í bryggjur er áætlað að verja 1,2 milljörðum, 380 milljónum til þekju, lýsingar og lagna, til sjóvarna 153 milljónum og til ýmissa framkvæmda 140 milljónum. Alls nema fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Siglingastofnunar um fjórum milljörðum króna.

Útboð væntanlegt vegna virkjunar í Þjórsá

Björn Stefánsson, deildarstjóri virkjana-

deildar Landsvirkjunar, segir framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar á árinu nema um 14,5 milljörðum króna sem að mestu fara í samninga og ekki sé gert ráð fyrir fleiri útboðum. Heildarfjárfestingar á næstu árum nema 15 til 20 milljörðum króna. Fjórar virkjanir eru í undirbúningi í Þjórsá, Búðarhálsvirkjun, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Vegna hugsanlegs álvers við Húsavík er áformað að stækka Kröfluvirkjun og reisa nýja virkjun á svæðinu auk hugsanlegra virkjana í Bjarnarflagi, Þeistareykjum og Gjástykki. Boraðar verða 5 rannsóknarholur sem um hefur verið samið og áætlað er að bjóða út 20 vinnsluborðanir fyrir járngrufuvirkjanir.

Mikil óvissa hjá Landsneti

Hjá Landsneti ríkir mikil óvissa um framkvæmdir á þessu ári að sögn Ingólfs Eyfells, sérfræðings í eignastýringu hjá Landsneti. Í undirbúningi eru stór verkefni, ekki síst ein 6 tengivirki, tengd stóriðju. Framkvæmdir við Húsavík gætu verið í erfiðum farvegi af pólitískum ástæðum. Kostnaður vegna tengivirkja fer eftir stærð þeirra, allt frá 100 milljónum upp í þrjá milljarða. Kostnaður vegna flutningsvirkja vegna Helgúvíkur og Húsavíkur gæti numið um einum milljarði króna og þar af boðin út verkefni sem nema 850 milljónum króna. Nesjavallastrengur fer í útboð á þessu ári.

Auknar fjarfestingar hjá OR

Áætlaðar framkvæmdir hjá Orkuveitu Reykjavíkur nema rúmum 32 milljörðum króna að sögn Ingu Dóru Hrólfssdóttur, sviðsstjóra tæknimála hjá OR. Um 64% þeirrar fjárhæðar eru vegna virkjana og rannsókna, mest vegna Helligshéðarvirkjunar. Rannsóknaverkefni vegna virkjana, s.s. boranir og gaslosun, eru ætluð um 6 milljarðar króna. Stærstu verkefni í dreifikerfinu eru á Hólmsheiði og aðveitustrengur frá Korpu að Borgartúni alls 900 milljónir króna. Á vegum dótturfyrirtækja verða átaksverkefni við ljósleiðaravæðingu heimila og endurnýjun aðveituæðar fyrir um milljarð króna.

70% meira fé varið til vegagerðar

Vegagerðin gerði 63 verksamninga árið 2007 en gert er ráð fyrir allt að 69% aukningu árið 2008. Ráðstöfunarfé er nú um 31 milljarðar króna. Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður framkvæmda-deildar Vegagerðarinnar, segir að áætlað sé að bjóða út veg um Hornafjarðarfljót í haust. Fjárveiting til verksins er áætluð 680 milljónir króna, 400 milljónir til Bakkafjöruveggar, 745 milljónir til Bræðratunguvegar um Hvítá, 570 milljónir til



Lyngdalsvegur og einn milljarður króna til mislægra gatnamóta Arnarnesvegur og Reykjanesbrautar.

Framkvæmt í Kópavogi fyrir 6,6 milljarða króna

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að þar verði framkvæmt fyrir rúmlega 6,5 milljarða króna. Framkvæmdir við skólahúsnæði nema 959 milljónum króna, rúmir tveir milljarðar króna fara í íþróttamannvirki og aðrar eignir, mest fer til gatnakerfisins eða um þrjú milljarðar króna. Til fráveitu og vatnsveitu fara 283 milljónir og viðhaldskostnaður mannvirkja er áætlaður 240 milljónir. Bæjarstjóri segir að ákveðið sé að byggja fjölnota tónlistahús og óperuhús sem áætlað er að kosti rúma 6 milljarða króna.

Mestu framkvæmdir í 100 ára sögu Hafnarfjarðar

Á vegum Hafnarfjarðarbæjar verður framkvæmt fyrir tæplega 7 milljarða króna á þessu ári. Til nýbygginga fara þrjú milljarðar króna, 3,5 milljarðar króna í gatnakerfið og 200 milljónir í viðhaldsverkefni. Að sögn Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra, eru þetta mestu framkvæmdir í sögu bæjarins sem nú á aldarafmæli. Helstu nýframkvæmdir eru leik- og grunnskóli við Bjarkavelli, áhorfendastúka á Ásvöllum, hjólabrettabraut og sambyggður grunn- og tónlistaskóli við Hamranes. Fyrirhugað er að byggja ungdomshús fyrir hljómsveitir og iðkendur mótörhjóláípróttu og fuglaskoðunarhús við Ástjörn.

Búnaður og innréttingar í Tónlistar- og ráðstefnuhúsi

Sigurður Ragnarsson frá ÍAV kynnti fyrirhugaða byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn. Til stendur að bjóða út ýmsan búnað og innréttingar í húsið á þessu ári fyrir 3,5 til fjóra milljarða króna. Á næstu árum verða boðnar út framkvæmdir fyrir um 15 milljarða króna við hótél sem á að opna árið 2011 auk skrifstofubyggingar.

Málstofa um Markaðsmál í líftækni

Föstudaginn 14. mars á Hilton Nordica Reykjavík

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja – SÍL – standa fyrir málstofu um markaðsmál í líftækni að Hilton Nordica í H sal 2. hæð, 14. mars kl. 8.30 - 15.00.

Markmið málstofunnar er að auka þekkingu og skilning á markaðsmálum fyrir líftækni.

Þátttökukostnaður er kr. 5.000.

Skráning hjá Samtökum iðnaðarins skraning@si.is eða í síma 591 0100

Dagskrá:

Stofnun, þróun og markaðssetning sprotafyrirtækja í líftækni
- Bernhard Pálsson, prófessor UCSD

Samvinna sprotafyrirtækja og alþjóðlegs fyrirtækis
- Hilmar Janusson, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarviðs, Össur

Reynsla íslenskra sprotafyrirtækja

- Jakob K. Kristjánsson, stjórnarformaður, Prokatin
- Björn Örvar, framkvæmdastjóri, Orf líftækni
- Jóhannes Gíslason, framkvæmdastjóri, Genís
- Sigurbjörn Einarsson, rannsóknar- & þróunarviði, Bláa Lónið

Hádegisverður

Fiskur dagsins að hætti hússins

Kynningar þáttakenda

Þátttakendur leggja fram dæmi um eigin markaðsvinnu, bæði dæmi um vel heppnaða vinnu og vinnu sem reyndist tímasóun og læra má af.

Samantekt og umræður

Stjórnandi er Bryndís Skúladóttir, Samtökum iðnaðarins



Samtök iðnaðarins



Gerum gott úr þessu

Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi

Hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að merkja prentað efni s.s. blöð, tímarit, fréttabréf, bæklinga og markpóst með nýja merkinu. Notkun þess er frjálss og því er dreift án endurgjalds í hágæða upplausn á www.si.is



Gott til endurvinnslu

Samtök iðnaðarins
Samtök verslunar og þjónustu

Setjum kraft í umhverfisstarfið

Auglýst er eftir fyrirtækjum til að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni um umhverfisstjórnun. Við leitum að áhugasömum fyrirtækjum sem vilja nýta þetta tækifæri og innleiða einfalt og árangursríkt umhverfisstjórnunarkerfi, EMS-light Nordic. Fyrirtækin fá í hendurnar einfalt umhverfisstjórnunarkerfi sem er þróað með þarfir lítilla og meðalstóra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja í huga. Þátttakendur fá aðstoð ráðgjafa við að setja upp kerfið sem byggist upp á töflum til að skrá neyslu, úrgang og ústreymi. Í boði eru skýrsluform og leiðbeiningar sem stuðla að skilvirkum lausnum og gagnast við markmiðssetningu og aðgerðaáætlun. Þetta er gott tækifæri fyrir fyrirtæki sem vilja setja kraft í umhverfisstarfið. Vefsíða verkefnisins er www.ems-light.org



Fríðleifur Kristjánsson, gæða- og þróunarstjóri Smellins hf.

„Fyrirtækinu Smellinn var boðin þátttaka í þessu verkefni sem við og þágum. Við erum þessa stundina að vinna að ISO 9001-2000 vottun sem við gerum ráð að við fá fyrir lok þessa árs. Í framhaldinu er stefnt að ISO 14001 umhverfisvottun. Við teljum þátttöku okkar í þessu verkefni vera mjög góða byrjun á þeirri vinnu. EMS-light Nordic er mjög vel uppsætt tæki til að skrá í grænu bókhaldi. Það er auðvelt í notkun og heldur vel utan um þau gögn og upplýsingar sem við munum skrá.“



Hannes Örn Ólafsson, þjónustustjóri Gámaþjónustunnar hf.

„Gámaþjónustan hf er þjónustufyrirtæki í umhverfismálum sem hefur mikla reynslu af því að aðstoða einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir í lausnum með frákast. Það að taka þátt í norrænu verkefni í umhverfismálum hjálpar okkur að halda utan um alla olíunotkun og einnig notkun á ýmsum efnum t.d. hreinsiefni sem eru notuð til að þrifa öll okkar ílát. Öll þau verkfæri, sem við vinnum með í sambandi við þetta verkefni, eru mjög aðgengileg og mjög skýr. Ég tel að þeir, sem koma sér upp svona kerfi og eða taka þátt í svona verkefni, eigi mjög auðvelt með að halda utan um sín umhverfismál og alla þá notkun á skaðlegum efnum sem notuð eru í starfsemi viðkomandi.“



Ingólfur Garðarsson, framleiðslustjóri Ömmubaksturs

„Þegar við hjá Ömmubakstri fengum tækifæri til að taka þátt í verkefniinu sáum við að þetta gæti gagnast okkur í að halda utan um okkar umhverfismál, ásamt öðru sem við kemur starfsemi okkar. Það sem við viljum ná fram með EMS er að reyna lágmarka allt sem viðkemur þessum resktri okkar. Þar á ég við til dæmis flokkun á úrgangi, halda utan um rafmagn, heitt vatn, pappir og margt fleira. Það er gott að geta skráð allar upplýsingar á sinn stað í EMS-light Nordic kerfinu og haldið utan um þær þar og það auðveldar allt aðgengi. Auðvitað er þetta allt einhver vinnu en samt nokkuð einfalt og ég er þegar byrjaður skrá ýmsar upplýsingar.“

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2007:

Sparisjóðurinn í fyrsta sæti

Nýlega voru kynntar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar en þetta var í níunda sinn sem ánægja íslenskra viðskiptavina hjá fjölda fyrirtækja var mæld. Úrtakið var um 28.500 manns úr þjóðskrá á aldrinum 16 til 79 ára.

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir hjá Capacent Gallup kynnti niðurstöðurnar og sagði m.a. að mikil fylgni væri milli ánægju og tryggðar viðskiptavina og að tengsl tryggðar og afkomu fyrirtækis væru mjög sterk. Því væri til mikils að vinna að hafa viðskiptavinum ánægða.

Í flokki banka og sparisjóða á einstaklingsmarkaði var Sparisjóðurinn í fyrsta sæti með tæp 80 stig. Sparisjóðurinn hefur því endurheimt fyrsta sætið sem hann hefur vermt í átta ár af þeim níu sem mæling hefur verið gerð en árið 2006 var SPRON í fyrsta sæti.

Í flokki banka og sparisjóða á fyrirtækjamarkaði, sem nú voru mældir í fyrsta skipti, var Landsbankinn í fyrsta sæti með rúm 70 stig en mun minni munur er á einkunnum banka á fyrirtækjamarkaði en einstaklingsmarkaði.

Í flokki tryggingafélaga var Tryggingamiðstöðin í fyrsta sæti með tæp 70 stig en lækkaði um tæp 3 stig milli ára og því hefur heldur dregið úr muni á tryggingafélögunum. Tryggingamiðstöðin hefur alltaf verið í fyrsta sæti í þessum flokki ef frá er talið árið 2004 þegar VÍS varð í fyrsta sæti.

Í flokki farsímafyrirtækja var Síminn í fyrsta sæti með rúm 65 stig.

Í flokki internetveitna, sem nú voru mældar í annað skipti, var Vodafone í fyrsta sæti með tæp 66 stig og velti þar með Hive úr sessi.

Í flokki gosdrykkjaframleiðenda var Ölgerðin Egill Skallagrímsson í fyrsta

sæti með tæp 77 stig og hækkar þar með um 4,4 stig milli ára.

Í flokki rafveitufyrirtækja varð Hita-veita Suðurnesja í fyrsta sæti sjötta árið í röð með rúm 68 stig en töluvert dró úr

ánægju viðskiptavina rafveitna á milli ára.

Í flokki olíufélaga var Olís í fyrsta sæti með tæp 66 stig.

Í flokki byggingavörverslana var BYKO í fyrsta sæti með rúm 65.

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvís og Capacent Gallup standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum, og tryggð viðskiptavina. Mælingin er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur það gert sér vonir um. Nánari upplýsingar veita Davíð Lúðvíksson hjá SI netfang david@si.is og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir hjá Capacent Gallup netfang gaj@capacent.is.



Sýningin Verk og vit verður haldin öðru sinni dagana 17.-20. apríl í íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Verk og vit 2008 er sjálfstætt framhald sýningarinnar Verks og vits 2006.

Sýningin verður mjög fjölbreytt og um 70 fyrirtæki hafa þegar verið skráð til leiks. Verk og vit 2008 leggur megináherslu á íslenskan byggingariðnað, skipulagsmál og mannvirkjagerð en mikill uppgangur hefur verið á þessum sviðum.

Nú stýttist óðum í sýninguna en sala sýningarsvæðis hefur gengið vel og um 85% hafa þegar verið pöntuð. Margir þeirra, sem nú þegar hafa skráð þátttöku sína tóku einnig þátt fyrir tveimur árum. Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Verks og vits, segir að mikill hugur sé í sýnendum. „Sýnendur eru greinilega stórhuga og hafa margir pantað stærra svæði nú en síðast. Því stefnir allt í að sýningarsvæði Verks og

vits verði enn glæsilegra nú en fyrir tveimur árum,” segir Margit.

Allar nánari upplýsingar um sýninguna má finna á www.verkogvit.is.

Stórýningin Verk og vit 2008 sýnir byggingarhöndun, skipulagsmál og mannvirkjagerð Laugardalshöllinni 17.-20. apríl

Verk og vit 2008

Misstu ekki af glæsilegri sýningu!

Stórýningin Verk og vit sem verður haldin í annað sinn dagana 17.-20. apríl hefur fest sig í sessi sem stærst viðburðurinn á sínu sviði á Íslandi. Komdu og sjáðu allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. Ekki missa af Verki og viti 2008!

Sýningartími	Fagabíll	Afhentur gestir
Fimmtudagur 17. apríl	11:00-20:00	
Föstudagur 18. apríl	11:00-19:00	
Laugardagur 19. apríl	12:00-18:00	12:00-18:00
Sunnudagur 20. apríl	12:00-17:00	12:00-17:00
Verð aðgönguþétt	2.000 kr.	1.200 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á vefvæðinu verkogvit.is

AP Springer, sem er eini í eigu AP útlánstærðis ehf., er um framkvæmd sýningarinnar samtímið og samstarfsaðili.

Samstarfsaðilar: Knaflingur, Hólmsteins, SI, Landsbúnaður, ÍSTAK

AP Springer, Hverfisgata 101, 101 Reykjavík, Sími 591 1200, netfang: info@springer.is